



1. mars 2021
Tilvísun: 2102235

Dreifibréf númer: 11/2021
til fjármálfyrirtækja

Efni: Drög að reglum um tæknilega staðla varðandi form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 1/2021 sem inniheldur drög að reglum um tæknilega staðla varðandi form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu. Um er að ræða reglur sem innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/911 frá 9. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálfyrirtækja (BRRD tilskipunin). Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 109. gr. f laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002.

Með lögum nr. 54/2018, um breytingu á lögum um fjármálfyrirtæki, voru innleiddar efnisreglur BRRD tilskipunarinnar að því er varðar endurbótaáætlunarir, tímanleg inngríp og fjárstuðning innan samstæðu. Í 109. gr. a - 109. gr. f laga um fjármálfyrirtæki er nú fjallað um fjárstuðning innan samstæðu. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. f skal fyrirtæki greina frá því opinberlega hvort það er aðili að fjárstuðningi innan samstæðu skv. 109. gr. a. Þessi skylda er óháð því hvort fyrirtæki hafi gerst aðili að samningi. Ef fyrirtæki er aðili að slíkum samningi skal það gera grein fyrir innihaldi samningsins og birta opinberlega með þeim hætti sem kveðið er á um í reglunum.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 15. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

Elmar Ásbjörnsson

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankasvið

Guðrún Finnborg Þórðardóttir

Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra